

Borgarstjórn
19. febrúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um auglýsingaherferð til að gera réttindi leigjenda sýnilegri

Borgarstjórn samþykkir að fara í auglýsingaherferð með það að markmiði að gera réttindi leigjenda sýnilegri. Leigjendum hefur fjölgað mikið á síðustu árum og eftirspurnin eftir húsnæði er gríðarleg. Skortur á íbúðum hefur leitt til þess að leigjendur hafa margir hverjir sætt sig við erfiðar aðstæður á leigumarkaði og gengist við kröfum leigusala, sem ganga gegn réttindum þeirra, af ótta við að missa húsnæðið. Reglulega birtast okkur frásagnir um skyndilegar og miklar leiguverðshækkningar og ótta leigjenda við fyrirvaralausri uppsögn leigusamnings. Þá eru dæmi um að tryggingafé sé haldið eftir af leigusölum með ólögmatum hætti og að óíbúðarhæf rými séu leigð út sem íbúðir. Mögulega óttast margir leigjendur að greina frá slæmum aðstæðum sínum, af ótta við að glata leiguhúsnæði sínu. Mikilvægt er að réttindi leigjenda séu tryggð og því er nauðsynlegt að þau séu sýnileg. Hér er lagt til að Reykjavíkurborg hefji fræðsluáttak um réttindi leigjenda og stuðli þar að leiguvernd. Lagt er til að velferðarsviði í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði falið að útfæra ítarlegri hugmyndir að framsetningu auglýsingaherferðarinnar.

Greinargerð:

Niðurstöður átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði, sýna fram á að mikill skortur hefur verið á íbúðum á síðustu árum, einkum á höfuðborgarsvæðinu og hefur slíkt leitt til hækkandi íbúðarverðs. Þar er bent á að húsnæðiskostnaður heimila hafi hækkað langt umfram verðlag og laun og að ungt fólk og tekjulágir eigi erfiðara með að kaupa eigið húsnæði og að ófremdarástand hafi ríkt á leigumarkaði. Í niðurstöðum átakshópsins er einnig greint frá því að samningsstaða leigutaka geti verið veik vegna skorts á íbúðarhúsnæði, sem geri það að verkum að margir leigjendur hafi samþykkt aðgerðir leigusala sem gangi gegn réttindum þeirra, af ótta við að missa húsnæðið.

Mikilvægt er að réttindi leigjenda séu gerð sýnileg og að upplýsingar séu aðgengilegar á fleiri en einu tungumáli, svo að leigjendur viti hvert þeir geti leitað ef réttindi þeirra eru brotin eða ef þeir hafa grun um slíkt. Þá er mikilvægt að fólk sé hvatt til þess að tilkynna um óeðlilega þætti sem það kann að verða vitni að á leigumarkaði. Sem dæmi gæti auglýsingaherferð sem vekur athygli á réttindum leigjenda farið fram í fjölmiðlum; sjónvarpi, prentmiðlum og samskiptamiðlum með skilaboðum sem taka á einu máli í einu sem fram kemur í húsaleigulögunum. Þannig gætu auglýsingar fjallað um leigusamninga, ástand hins leigða húsnæðis, viðhald leiguhúsnæðis, rekstrarkostnað og greiðslu húsaleigu og trygginga. Við mótnun auglýsingaherferðarinnar er talið æskilegt að leitað verði til Samtaka leigjenda á Íslandi og leigjendaaðstoðar Neytendasamtakanna. Á árinu 2017 bárust leigjendaaðstoðinni sem er rekin á vegum Neytendasamtakanna 2.362 erindi sem er um 10% aukning frá því árinu á undan. Það er ljóst að fyrirspurnir og málefni er tengjast leigumarkaðnum eru mörg og mikilvægt er að stuðla að skýrri upplýsingagjöf í þeim efnum. Með þessu framtaki setur Reykjavíkurborg, höfuðborg þjóðarinnar, réttindi leigjenda á oddinn og sitt á vogarskálarnar í átt að því að stuðla að aukinni leiguvernd.